316. fundur

Föstudaginn 20. nóvember 2026, kl. 10:30 kom verðlagsnefnd búvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, ATRN og Hálfdán Óskarsson, áheyrnarfulltrúi.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Verðlagsgrundvöllur kúabús**
   Farið var yfir verðlagsgrundvöll kúabús í september 2026 og þróun frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 11. september og byggði á verðlagi í júní 2026. Kostnaðarliðir hafa hækkað um 1,39% frá júní til september. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá júní til september. Á sama tímabili hækkaði vísitala neysluverðs um 0,96%. Að lokinni yfirferð og umræðum var verðlagsgrundvöllur staðfestur.
2. **Iðnaðarlíkan**
   Farið var yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 11. september sl. og byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í júní. Frá júní til september 2026 er hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar metin 0,78%. Að lokinni yfirferð og umræðum voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.
3. **Verðákvörðun**
   Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða frá júní til september var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs til bænda en að geyma hækkun heildsöluverðs mjólkurvara. Heildsöluverðlagning verði þá endurskoðuð við næstu verðákvörðun sem fyrirhuguð er í febrúar og þá verði litið til breytinga iðnaðarlíkans frá júní 2026. Lagt til að lágmarksverð til bænda hækki um sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá júní til september. Tillaga um að hækka ekki heildsöluverð almennra mjólkurvara er gerð af hálfu atvinnugreinarinnar til að koma til móts við þörfina á að bregðast við verðbólguþróun undangengin misseri. Umtalsverðir hagsmunir eru fyrir atvinnugreinina að verðbólga og þar með vaxtastig fari lækkandi og er þetta lagt til sem framlag greinarinnar til að hjálpa við að skapa aðstæður til að svo megi verða. Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 1,39% úr 148,20 kr./ltr í 150,26 kr./ltr þann 20. nóvember.
4. **Greinargerð um verðlagsgrundvöll kúabús**
   Lögð fram drög að greinargerð um endurskoðun verðlagsgrundvallar kúabús, forsendur og virkni hans. Í greinargerðinni er fjallað almennt um verðlagsgrundvöll kúabús og endurskoðunarferlið og aðferðafræði. Þá er farið yfir alla gjaldaliði verðlagsgrundvallar, hvaða gögn og forsendur liggja til grundvallar, hvaða vísitölur og upplýsingar eru notaðar við framreikning o.s.fr. Ákveðið að haldinn verði fundur í desember til að ganga frá endanlegri útgáfu. Fram að næsta fundi verði gefinn frestur til að senda ábendingar eða athugasemdir eftir atvikum og fullvinna greinargerðina.
5. **Önnur mál**
   Umræður um mögulega uppfærslu verðlagsgrundvallar út frá nýjustu niðurstöður rekstrarverkefnis RML hverju sinni. Ákveðið að kanna hvort niðurstöður ársins 2025 liggi fyrir hjá RML og uppfæra verðlagsgrundvöll eftir því sem við á. Verður tekið fyrir á næsta fundi í desember.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 12:00.

Tryggvi Þór Herbertsson Arnar Freyr Einarsson